

Alþingi

Erindi nr. B 117 / 72

komudagur 15 / 11 1993

TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS



Alþingi
b.t. Ragnhildar Arnljótsdóttur nefndarritara,
Þórshamri,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 15. nóvember 1993

/th*64

Vísað er til símtals frá 11. nóvember sl., en í því var óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

1. Athugasemdir sjúkratrygginga- og slysatryggingadeilda, dags. 27. apríl 1993, við frumvarp til laga um almannatryggingar, 489. mál.
Allar þær athugasemdir, sem gerðar voru við ofangreint frumvarp eiga við um hið nýja (83. mál fskj. 86), þar á meðal ábending um skekkju í fjárhæðum í fyrri málslið 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins. Það sem segir í athugasemdum um 56. gr. á nú við 55. gr. frumvarpsins.
2. Fjöldi þeirra, sem á undanförunum 10 árum hafa notið eingreiðslna skv. núgildandi ákvæði e-liðar 1. mgr. 35. gr. ATL (eingreiðslur slysatrygginga til foreldris), er tilgreindur í fylgiskjali nr. 1.
3. Greiðslur sjúkratrygginga á sjúkrahjálpi fanga.
Afstaða tryggingaráðs, sjúkratryggingadeildar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins kemur fram á fylgiskjöllum nr. 2-7. Tryggingastofnun hefur stöðvað greiðslur á læknishjálpi en greiðir áfram með fyrirvara reikninga fyrir lyf fanga. Málið situr fast hjá dómsmálaráðuneyti, sbr. fskj. nr. 2.

Virðingarfyllst,

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

sjúkratryggingadeild
slysatryggingadeild



Kristján Guðjónsson, deildarstjóri

TRYGGINGASTOFNUN



RÍKISINS

FJÖLDI EINGREIDSLNA VEGNA DAUDASLYSA 1983 - 1993.

<u>AR</u>	<u>FJ.MALA</u>	<u>EINGR.TIL FORELDRA/FORELDRI</u>	<u>EINGR.TIL BARNA.</u>
1983	14	25	
1984	28	42	
1985	14	20	
1986	20	32	
1987	20	35	
1988	12	21	
1989	13	18	8
1990	14	22	
1991	22	39	
1992	19	31	
1993	13	16 til 11/11	

SLYSATRYGGINGAÐEILD

SJÚKRATRYGGINGAÐEILD / SLYSATRYGGINGAÐEILD

TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS



Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
hr. deildarstjóri Þorsteinn A. Jónsson
Arnarhvoli

150 Reykjavík.

BS/rgj

Reykjavík, 12. ágúst 1991

Á fundi tryggingaráðs 21. júní 1991 var eftirfarandi bókun gerð:

" Lagt fram bréf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 3. apríl 1991, varðandi greiðslu læknishjálpar við fanga. Ráðuneytið ítrekar afstöðu þá sem fram kom í bréfi þess frá 29. desember 1986, um að fangar njóti læknishjálpar í veikindum með þeim takmörkunum einum sem af frelsissviptingu þeirra leiðir og að fangelsi beri ábyrgð á greiðslu alls kostnaðar af þeirri lækniþjónustu. Í ljósi umsagnar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins telur ráðuneytið að fangelsi eigi ekki endurkröfurétt á sjúkratryggingar almannatrygginga. Með fylgir bréf sjúkratryggingadeildar, dags. 31. ágúst 1990. Tryggingaráð er sammála þessari niðurstöðu."

Tryggingastofnun ríkisins leggur til að dómsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins taki upp viðræður um málið.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS
-sjúkratryggingadeild-

Birna Sigurbjörnsdóttir
Birna Sigurbjörnsdóttir

Samrit sent heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu



HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK

Deildarstjóri,
Þorsteinn A. Jónsson,
Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
Arnarhvoli,
150 Reykjavík.

TILV. RÁÐUNEYTIÐ DAGS.
45 A 5 DP/dp 3. apríl 1991
3 H 4h

Ráðuneytið vísar til bréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 22. febrúar 1990 þar sem spurst er fyrir um hvernig greiða skuli fyrir lækniþjónustu við fanga. Biðst ráðuneytið velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að svara bréfinu.

Ráðuneytið sendi bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til umsagnar Tryggingastofnunar ríkisins. Niðurstaða sjúkratryggingadeildar er sú "að fangelsismálayfirvöldum beri að greiða fyrir læknishjálpi við fanga, bæði almenna læknishjálpi og sérfræðilæknishjálpi án nokkurs endurkröfuréttar gagnvart sjúkratryggingum almannatrygginga og án þess að samningar sjúkratrygginga við læknafélögin komi þar við sögu." Svar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins fylgir hér með í ljósriti.

Ráðuneytið ítrekar því afstöðu þá sem fram kom í bréfi þess frá 29. desember 1986 um af fangar njóti læknishjálpar í veikindum með þeim takmörkunum einum sem af frelsissviptingu þeirra leiðir og að fangelsi beri ábyrgð á greiðslu alls kostnaðar af þeirri lækniþjónustu. Í ljósi umsagnar sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins telur ráðuneytið að fangelsi eigi ekki endurkröfurétt á sjúkratryggingar almannatrygginga.

F.h.r.

4 APR 1991

Afrit: Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingadeild.



Fstj. nr. 4

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

SJÚKRATRYGGINGAÐEILD

Deildarstjóri,
Dögg Pálsdóttir,
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti,
Laugavegi 116,
150 Reykjavík.

BS/th*6

31. ágúst 1990.

Vísað er til bréfs frá Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu dags. 4. maí 1990, varðandi greiðslu kostnaðar vegna lækniþjónustu við fanga.

Í almannatryggingalögnum nr. 67/1971 eru engin ákvæði um greiðslu læknishjálpar í fangelsum. Hins vegar segir í 60 gr. að bætur almannatrygginga skuli falla niður meðan bótaþegi dvelst í fangelsi. Tryggingastofnun getur þó ákveðið að greiða þriðja aðila bæturnar.

Í lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988 segir í 1. gr.: "Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi. Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála."

Í 2. gr. segir að starfrækja skuli fangelsismálastofnun og eru verkefni hennar talin upp í greininni, þar segir í 5. tl.: "Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestsþjónusta o.s.frv."

Í athugasemdum við frumvarp laga nr. 48/1988 segir að fangelsismálastofnun beri "að sjá um sérhæfða þjónusta við fanga."

Og í athugasemdum um 2. gr. segir að félagsleg þjónusta við fanga sé eitt af megin hlutverkum stofnunarinnar.

Lög nr. 48/1988 kveða því á um að það sé hlutverk fangelsismálayfirvalda að sjá um að föngum sé veitt heilbrigðisþjónusta, en hvergi er talað um endurkröfurétt eða takmörkun á þessari þjónustu. Virðist það vera tilgangur löggjafans að fangelsismálastofnun eða einstök fangelsi eigi að bera fulla ábyrgð á læknishjálpi við fanga, bæði efnislega og fjárhagslega og eigi því ekki endurkröfurétt á Tryggingastofnun.

Niðurstaða sjúkratryggingaáætlunar er því sú, að fangelsismálayfirvöldum beri að greiða fyrir læknishjálpi við fanga, bæði almenna læknishjálpi og sérfræðilæknishjálpi án nokkurs endurkröfuréttar gagnvart sjúkratryggingum almannatrygginga og án þess að samningar sjúkratrygginga við læknafélögin komi þar við sögu.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

- Sjúkratryggingaáætlun -

Birna Sigurbjörnsdóttir
Birna Sigurbjörnsdóttir



HEILBRIGÐIS - OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK

Deildarstjóri,
Kristján Guðjónsson,
Tryggingastofnun ríkisins,
Laugavegi 114,
150 REYKJAVÍK.

TILV. RÁÐUNEYTTIS DAGS.

3.H.4.h./45.A.5. DP/fl 4. maí 1990.

Ráðuneytinu barst fyrir allnokkru bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, þar sem óskað var álits ráðuneytisins á því hvort fangelsinu á Litla-Hrauni væri skylt að greiða hluta sjúkrasamlags vegna sérfræðipjónustu lækna við fanga, ef þess væri krafist.

Meðfylgjandi er ljósrit af bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ásamt öðrum bréfaskiptum sem tengjast þessu máli.

Sé þess kostur, er þess óskað að álit sjúkratrygginga-deildar Tryggingastofnunar ríkisins berist ráðuneytinu fyrir 15. maí n.k.

F. h. r.

Afrit:
Deildarstjóri, Þorsteinn A. Jónsson, Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning

Tilvísun

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
Laugavegi 116,
150 REYKJAVÍK.

22. febrúar 1990

PAJ/-
273.0

Afrit: Daníel Daníelsson,
yfirlæknir.

Daníel Daníelsson, yfirlæknir á Selfossi, hefur af og til sinnt sérfræðilæknisþjónustu við fanga á Litla - Hrauni. Ágreiningur var milli hans og forstjóra fangelsisins á Litla - Hrauni um meðferð á reikningum vegna þessarar þjónustu. Daníel krafðist þess að fangelsið greiddi bæði hluta sjúkrasamlags og fanga og að það væri þá fangelsisins að endurkrefja viðkomandi sjúkrasamlag eða Tryggingastofnun um hluta þess.

Með bréfi dags. 15. desember 1986 óskaði þetta ráðuneyti eftir úrskurði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á því hvort fangelsinu væri skylt að greiða hluta sjúkrasamlags vegna sérfræðisþjónustu lækna við fanga, ef þess væri krafist og með bréfi dags. 29. desember 1986 taldi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að svo væri, enda ætti fangelsið endurkröfu á sjúkrasamlag ef viðkomandi fangi ætti lögheimili hér á landi.

Þegar á reyndi taldi Sjúkrasamlag Reykjavíkur sér óheimilt að greiða hluta samlags til annarra en viðkomandi læknis og hjá Tryggingastofnun ríkir sami skilningur.

Daníel hefur með tveimur bréfum dags. 8. mars 1989 og 12. febrúar 1990 mótmælt að fangelsið greiði ekki reikninga frá honum í samræmi við úrskurð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 29. desember 1986 og fylgir ljósrit þeirra hjálagt.

Með hliðsjón af framansögðu óskar þetta ráðuneyti á ný eftir afstöðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til þess hvernig fara eigi með reikninga frá sérfræðingum sem sinna læknisþjónustu við fanga og óskar jafnframt eftir upplýsingum um hvernig standa eigi að endurkröfu á hluta samlags ef fyrri afstaða er óbreytt. Tekið skal fram að í öðrum tilfellum þegar sérfræðingar sinna læknisþjónustu við fanga krefja þeir fangelsið einungis um greiðslu á hluta sjúklings.

Dagur - Allt í lagi F. h. r.
e. u.
Þórunn Þórunn

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

Db. 324h Dags. 26/2/90



Fskj. nr. 7

HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

REYKJAVÍK

Þorsteinn A. Jónsson, deildarstj.
Dómsmálaráðuneyti
Arnarhvoli

TILV. RÁÐUNEYTIS DAGS.
3.H.4.h. JI/sj 29.12.1986

Vísað er til erindis yðar frá 15. þ.m. varðandi greiðslu fyrir sérfræðilæknishjálp veitta vistmönnum á Litla Hrauni.

Sé það talin skylda Vinnuhælisins að sjá um, að vistmenn njóti læknishjálpar í veikindum með þeim takmörkunum einum, sem af frelsissviptingu þeirra leiðir, ber hælið ábyrgð á greiðslu alls kostnaðar af þeirri læknisþjónustu. Hælið kann að eiga endurkröfu á vistmann og/eða sjúkrasamlag hans, eigi hann lögheimili hér á landi.

Þegar til þess er litið, hverja sérstöðu fangar hafa m.a. að því er varðar samskiptafrelsi við umheiminn, ferðafrelsi og frelsi til að ákvarða sjálfir gjörðir sínar frá degi til dags, þykir verða að leggja þá skyldu á þann, sem frelsissviptingu annast, að tryggja læknishjálp á þann veg, að ekki sé háð því, hvort greiðsla fæst fyrir hana eða ekki. En svo kynni eflaust að fara í mörgum tilfellum, að hluti sjúkrasamlags greiddist ekki, af þeim sökum, að viðkomandi fangi væri lögheimilisláus, eins og raunin mun vera um þá marga.

Ívitnaður samningur T.r. og Læknafélags Reykjavíkur á ekki við í þessu máli.

DÓMS- OG
REYKJAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

F. h. r.

Innk: 3 0 DEC 1986

Mbl: Fang Litla-Hrauna

Aðsetur:
LAUGAVEGUR 116
105 REYKJAVÍK

Símar:
(91) 25000
(91) 26455

Telex:
2225 Extern Is
.2050

Nálfúmer:
3867-9406